



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í febr. Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. mars.2020**



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

## Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Minum á að Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni [www.rafbokasafnid.is](http://www.rafbokasafnid.is). Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.



Munið skilalúguna! Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku. Verið hjartanlega velkominn ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga og þriðjudaga: **16:00-21:00**

Miðvikudaga og föstudaga: 17:00-21:00

**Fimmtudaga: LOKAÐ**

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opin um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.

Febr 2020  
Rítstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

30. árgangur.  
346.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp og Þorrinn kominn í öllu sínu veldi. Þrátt fyrir rysjóttu tíð með leiðinlegum umhleyplingum þá hefur síðustu daga einnig komið tímabil þar sem maður sér veturinn í réttu ljósi þar sem vetrarfegurðin nýtur sér vel. Þorranum fylgir hefðbundinn þorramatur og maður sjálfur sleikir út um þegar maður á kost á slíkum kræsingum. Kvenfélagið hefur gefið út að það ætli ekki þetta árið að hafa hefðbundið þorrablot á sínum vegum og því er ánægjulegt að Farmers Bistró ætli að taka upp teninginn. Eina spurningin er hvort verður boðið upp á súra sveppi!!!!

Þegar kólnar þá reynir á kerfin okkar og m.a. heita vatnið. Það hefur valdið okkur áhyggjum að hitakerfið á Flúðum gaf eftir frekar skyndilega seinni partinn á síðasta ári þannig að hámarksafköst í holunum er minni en við vildum hafa. Þetta hefur svo sem ekki haft áhrif á notendur en verið er að skoða hvernig hitaveitan bregst við þessu en sem betur fer höfum við nokkra möguleika í stöðunni sem verið er að skoða betur.

Annars höfum við Íslendingar verið óþyrmilega minntir á það að við leikum ekki á náttúruna, hvort sem um er að ræða það sem undir okkur býr eða læðist að okkur í loftinu frá öðrum löndum. Það er m.a. athyglisvert að efnainnihald heita vatnsins á Flúðum hefur breyst og fróðlegt verður að skoða hvort það sé fyrirboði að einhverjum atburðum sem tengjast náttúruöflunum.

Það er líka mikil umræða um náttúruna fyrir ofan okkur í afréttinum okkar góða en Hálandisþjóðgarður hefur verið mikið í umræðunni og verður örugglega áfram og sitt sýnist hverjum. Þó það kunni að vera tækifæri í þessari hugmynd þá verður að segjast eins og er að það er ástæða til að óttast að verið sé að keyra þessa hugmynd allt of hratt áfram. Það er líka vantraust í gangi á báða bóga og sporin hræða þar sem ríkið hefur sagst ætla að koma að uppbyggingarverkefnum en orðið minna um verk eða efndir. A.m.k. þarf að gefa þessu allan þann tíma sem það þarf því útilokað er að þessi hugmynd gangi upp í andstöðu við sveitarfélögin sem eiga land að miðhálandinu.

Nú hafa tekið gildi breytingar á opunartíma gámasvæðisins á Flúðum og boðið upp á mönnun á opunartíma til að aðstoða fólk við flokkunina og vonandi ná betri tókum á málaflokknum. Þá er verið að huga að breytingum innan svæðis m.a. á aðstöðu og merkingum. Eðlilega hafa komið fram áhyggjur með að þetta skerði þjónustumöguleika, sérstaklega varðandi sérhæfða starfssemi, en þá þurfum við að hugsa í lausnum sem ég er vís um að finnst.

Ég vil síðan benda á að það er búið að opna á ný aðstöðu á gámasvæðinu til að skila fötum, skóm og öðru efni sem Rauði Krossinn tekur á móti. Aðstaðan er í nytjagámnum þar sem setja á hráefnið í kassa sem Rauði Krossinn útvegar og getur farið beint í flutning til þeirra.

Varðandi annað umhverfisverkefni þá hafa sveitarfélögin á Suðurlandi í samstarfi við Heilbrigðisefirlit Suðurlands (HES) ákveðið að halda áfram með hreinsunarátak HES á lóðum og lendum í sveitarfélögunum. Rætt hefur verið um að breyta aðeins verklagi og aðlaga að athugasemdum varðandi tilkynningar og samskipti sem ég held að sé skynsamlegt og verkefninu til framdráttar. Hins vegar hvet ég alla að huga að þessu og umhverfi sínu almennt þannig að sómi sé af og það þurfi ekki að láta hið opinberra góma sig í bólinu.

Það var ánægulegt að Flúðaskóli fékk menntaverðlaun SASS í annað sinn á þeim 12 árum sem þau hafa verið veitt. Í fyrra skiptið var það vegna útikennslu en núna var það verðskuldað veitt vegna öflugslíklistastarfs í Flúðaskóla vegna frábærra sýninga sem Flúðaskóli hefur sett upp í tilefni árshátíða skólans. Fyrir þá sem ekki hafa séð „sjóvið“ hjá krökkunum hvet ég alla til að sjá þessar sýningar en fyrir utan mikið skemmtanagildi þá veit ég að þetta er ómetanlegt nám fyrir krakkana í því að koma fram, tjá sig og efla sjálftaust og sjálfsvirðingu. Vil ég óska skólanum, starfsfólki og nemendum innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Nú er verið að safna saman nægilegum fjölda notenda til að fara af stað að ljósleiðaravæða Flúðir. Búið er að halda kynningarfund um málið og viðbrögð við þessu meðal íbúa og fyrirtækja eru mjög góð og vantar bara herslumuninn til að ná lágmarksfjölda. Starfsfólk sveitarfélagsins mun á næstu dögum fara að hafa samband við fólk sem ekki er búið að sækja um til að koma þessu frábæra verkefni á koppinn. Þá er alltaf hægt að heimsækja okkur á skrifstofuna og skrá sig þar. Ég minni á að tengigjaldið er kr. 38.680 með VSK sem má deifa á tvær greiðslur þannig að við vonum að kostnaður við þetta sé sanngjarn til að koma þessu samfélagslega verkefni á koppinn.

Ég vil síðan minna á að sveitarstjórn hefur sett formlegar reglur um afnot af hreppsbílum svokallaða sem félagasamtök í sveitarfélaginu hafa haft afnot af. Er það nauðsynlegt til að samskipti og umgengni sé til sóma en við viljum endilega að þessi þjónusta sveitarfélagsins hjálpi þeim sem halda uppi öflugri samfélagsþjónustu í sveitarfélaginu í sjálfböðavinnu.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og góugleði.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Afsláttur á leiguverði:



Verkefnið Heilsueflandi samfélag í Hrunamannahrepp skorar á félagasamtök og heilsupjálfa til að taka þátt í að skapa okkar heilsueflandi samfélag. Til þess að koma á mótis við félagasamtökin og heilsupjálfa biðjum við þau að hafa samband og semja um viðráðanlegt leiguverð á aðstöðu. Það getur átt við sundlaug, íþróttasal, tækjasal eða fundasal í félagsheimilinu. Mikilvægt er að það gerist áður en námskeið eru auglýst, er það bæði til að tryggja að allir séu upplýstir um verð og að það náist að auglýsa viðburðinn í næsta fréttabréfi. Til að fá þessa meðhöndlun í kerfinu þarf námskeiðið/ viðburðurinn að fylgja leiðbeiningum Landlæknisembættisins um heilsueflandi samfélag. Nánari upplýsingar má einnig finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags í Hrunamannahrepp: [heilsueflandi@fludir.is](mailto:heilsueflandi@fludir.is) sími: 8925532  
Sigurjón Pétur Guðmundsson, forstöðumann íþróttamannvirkja: [petur@fludir.is](mailto:petur@fludir.is) sími: 8956603

## AUGLÝSING:

Deildafundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir Hrunamanna, Skeiða og Gnúpverjateildir, verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna Flúðum, miðvikudaginn 26. febr. n.k. kl.20.30. Að venju fer Steinþór forstjóri yfir rekstur félagsins s.l. ár, og svarar spurningum. Fulltrúar búvörudeildar verða á staðnum. Kaffiveitingar. Vonast eftir góðri mætingu. Allir velkomnir.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum, deildarstjóri Hrunamannadeildar.

## HRUNAPRESTAKALL



Kæru vinir

Ég hef verið svo lánsöm að fá að starfa með sr. Óskari í barnastarfinu í vetur. Kirkjuskólinn var í fjögur skipti í haust og einu sinni á aðventunni og það heppnaðist svo vel að okkur langar til að endurtaka leikinn og vera aftur með fjögur skipti, fjóra laugardaga í röð og **byrja 29.febrúar klukkan 11:00 (ATHUGIÐ VIÐ BYRJUM ÞÁ EN EKKI 7. mars eins og áður er auglýst)**. Þessar stundir eru í Hrepphólakirkju, við ákváðum að vera þar vegna þess að er nokkuð miðsvæðis og þar er safnaðarheimili sem við nýtum eftir stundina í kirkjunni til að fá okkur hressingu.

Þessi samvera er gæðastund, þar sem eina áreitið er malið í okkur Óskari svona á milli atriða, börnin fá að kynna kirkjunni og boðskapnum á aðgengilegan hátt í gegnum leik og söng, þetta er tilvalin stund til að njóta með börnunum, það er ekkert aldurstakmark og kostar ekki neitt. Mér eru allar þær stundir sem ég fæ að njóta í kirkjunni ákaflega dýrmætar og það skiptir ekki máli í hvaða kirkju það er því Guð er jú allstaðar. Það væri aldeilis frábært að sjá ykkur úr öllum sóknum Hrunaprestakalls í kirkjuskólanum.

Hlakka til að sjá ykkur

Jóna Heiðdís djáknakandidat

Helgihald framundan í prestakallinu er sem hér segir:

**9. feb.:** *Guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11.

**23. feb.:** *Guðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11 og *messu* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Brynjólfs frá Minna-Núpi minnst í tali og tónum.

—

**29. febrúar - laugardagur :** **Kirkjuskólinn hefst í Hrepphólakirkju kl. 11.**

**5. mars:** *Hversdagsmessa* í Hrepphólakirkju á fimmtudagskvöldi kl. 20.

Sjáumst í kirkjunni - allir velkomnir!



Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna kynnir

Allir á svið

Gaman leikrit eftir Michael Frayn  
í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar

Framsýning - 14.febrúar  
15.febrúar - 2.sýning  
19.febrúar - 3.sýning  
22.febrúar - 4.sýning  
23.febrúar - 5.sýning  
26.febrúar - 6.sýning  
28.febrúar - 7.sýning  
29.febrúar - 8.sýning

Sýnt í Aratungu og allar sýningar hefjast kl 20:00

Miðaverð 3000.-

Eldriborgarar 2000.-

Börn 1500.-

miðapantanir í síma 896-7003

Leikhússéðill verður í boði á Restaurant Mika,  
borðapantanir í síma 486-1110 eða [mika@mika.is](mailto:mika@mika.is)



## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035



## Hjónaball Hrunamanna 2020

Hjónaball Hrunamanna verður haldið í Íþróttahúsinu Flúðum laugardaginn 7. mars næstkomandi. Nánar auglýst síðar. Einnig er hægt að fylgjast með á Facebook viðburðinum Hjónaball Hrunamanna 2020. Hjónaballsnefndin



## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



---

*Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
graennaland@simnet.is*

---

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðaþjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

## Flokkunarhornið.

**Í nytjagámnum á gámasvæðinu er aðstaða til að losa sig við fatnað til Rauða krossins.**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

Opnunartími 2020

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00

Föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-17:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



## Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 12. febrúar

Aðalfundur Landgræðslufélagsins verður haldinn þann 12. febrúar kl 20:00 í Huppusal. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Sigurður H. Magnússon halda erindi um gróðurfar frá Abóta og að Fosslæk og Anna Sigríður Valdimarsdóttir mun kynna GPS smáforrit sem okkur ber að nota við að skrá GPS punkta og ferla í tengslum við framkvæmd Landbótaáætlunar. Samúel Unnsteinn Eyjólfsen gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og mun því verða kosinn einn aðili inn í stjórn. Hlökkum til að sjá sem flesta  
-Stjórnin

## Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Á þetta vonandi að leiða til betri þjónustu varðandi flokkun o.fl. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Uppspretta vellíðunar  
NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA


Opnið alla daga vikunnar  
[www.fontana.is](http://www.fontana.is)

LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

## Frá afhendingu Menntaverðlauna SASS



styrkþegum til hamingju með  
velfarnaðar við rannsóknir sínar



óskar nýjum styrkþegum til hamingju með  
óskar þeim velfarnaðar við rannsóknir sínar



## Skyndihjálparnámskeið

-Afmælisgjöf frá okkur til ykkar-

Mánudaginn 24. febrúar kl. 19:30. mun Björgunarfélagið Eyvindur að bjóða uppá skyndihjálparnámskeið í Félagsheimili Hrunamanna. Námskeiðið er öllum opið og vonumst við til að sjá sem flesta.

Kennari er Sigurjón Bergsson og mun námskeiðið standa í um 3 klst.

Námskeiðið er afmælisgjöf frá Björgunarfélaginu Eyvindi til samfélagsins með þökkum fyrir allan stuðninginn á þeim 20 árum sem við erum búin að vera starfandi.

Vinsamlegast skráið ykkur með pósti á netfangið [bfeyvindur@simnet.is](mailto:bfeyvindur@simnet.is) eða með því að hringja í síma 841-3480.

Björgunarfélagið Eyvindur

## Aðalfundur skógræktarfélags Hrunamanna

verður haldinn í Huppusal Félagsheimilis Hrunamanna,  
mánudaginn 10. febrúar kl. 20:30.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa

mun Halldóra  
Hjörleifsdóttir halda  
spennandi erindi um  
rótarskot Hjálparsveitanna.



Allir velkomnir og við  
hlökkum til að sjá sem  
flesta  
-Stjórnin

## Styrktaraðilar flugeldasýningarinnar 2020

Eins og við vitum þá er ekki hægt að halda flugeldasýningu án styrktaraðila. Eftirtalin fyrirtæki buðu okkur uppá sýninguna sem haldin var 5.janúar sl. og eiga skilið stórt hrós fyrir það.



Arion Banki,  
Ból ,  
Bryðjuholt,  
Búnaðarfélag Hrunamanna,  
Fjallarauf/Fossi ,  
Flúðaraf,  
Flúðaverktakar,  
Fögrusteinar,  
Fraktlausnir,  
Gamla Laugin,  
Gistiheimilið Syðra Langholti,  
Grafarbakagulrætur,  
Grænnaland ,  
Gröfutækni,  
Hestaleigan Syðra Langholti,

Hitaveita Flúða,  
Hótel Flúðir,  
Hrunamannahreppur,  
Hrepphólar,  
Hvítárdalur,  
Íslenskt Grænmeti,  
Kaffi Sel,  
Kiddi Krókur,  
Kjöt frá Koti,  
Landsbankinn,  
Landstólpi,  
Límtré Vírnet,  
Loðdýrabúið Ásgerði,  
Sæludalur.

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir lánið á gámaflötinu og Flytjanda á Selfossi fyrir að flytja vöruna til okkar.

**Með von um gott og slysaust ár og með þökk fyrir allan stuðninginn á liðnu ári.**

**Þjörgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Vindur**



## UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



Fyrsta keppniskvöld Uppsveitadeildarinnar fór fram föstudagskvöldið 31 janúar í reiðhöllinni á Flúðum. Margt var um manninn og ljóst er að mikil spenna er fyrir komandi keppnistímabili. **Úrslit urðu eftirfarandi :**

1. Rósa Birna Þorvaldsdóttir Frár frá Sandhól
2. Ragnhildur Haraldsdóttir Úlfur frá Mosfellsbæ
3. Árný Oddbjörg Oddsdóttir Örn frá Gljúfurárholti
4. Brynja Amble Gísladóttir Goði frá Ketilsstöðum
5. Helgi Þór Guðjónsson Þór frá Selfossi
6. Þorgeir Ólafsson Snilld frá Fellskoti
7. Birgitta Bjarnadóttir Sveinsson frá Skíðbakka
8. Hekla Katharína Kristinsdóttir Hrafn frá Markaskarði
9. Bjarni Sveinsson Agla frá Dalbæ
10. Þorgils Kári Pandra frá Kaldbak

**Staðan í liðakeppninni eftir fjórganginn**

|     |                            |      |
|-----|----------------------------|------|
| 1   | KÍLHRAUN                   | 58   |
| 2   | ÁRBÆJARHJÁLEIGA            | 46   |
| 3   | FRÍÐHEIMAR/SKJÓL           | 39   |
| 4   | STORM RIDER                | 35,5 |
| 5-6 | BALDVIN OG ÞORVALDUR       | 19,5 |
| 5-6 | BREKKA/HJARÐARHOLT/MIÐENGI | 19,5 |
| 7   | MEISTARI LOFTUR            | 12,5 |

**21 FEBRÚAR**  
**FIMMGANGUR**  
**13 MARS**  
**TÖLT OG SKEIÐ**

Ítarlegri úrslit og myndir má finna á facebook síðum Uppsveitadeildar sem og síðum hestamannafélaganna.

 [uppsveitadeildin2020](#)



Frá Félagi eldri Hrunamanna.  
Leikhúsferð.

Farið verður í Borgarleikhúsið sunnudaginn 23 febrúar að sjá leikritið Vanja frændi eftir Tsjekhovs miðaverð er 6050 kr.

Þátttaka tilkynnist til Kristínar og Guðrúnar fyrir 12 febr.

Farið verður frá Félagsheimilinu kl.15/45.

Símanúmer Kristín 4866640 8642154.

Guðrún 4866621 6169546.

Kær kveðja, ferðanefndin.



***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími .***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)



## Litla Melabúðin

### FARMERS MARKET

**Vetraropnun / Winter opening hours**

Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/

## Lindy hop dansnámskeið í uppsveitunum

Eftir rúma viku verður danshátíð í félagsheimilinu á Flúðum, Lindy on Ice, og þeim langar að bjóða heimamönnum upp á byrjendanámskeið í Lindy hop. Það yrði þá 3x 1.5 tíma námskeið: 9. feb. (sunnudag, Aratungu), 15. feb. (laugardag, Aratungu) og 23. feb. (sunnudag, Flúðum). En með þeim fyrirvara að að minnsta kosti 10 manns taki þátt.

Kostnaður er 15. þúsund kr., innifalið eru böllin á danshátíðinni: 13., 14. og 15. feb: Lindy on Ice

Nánari upplýsingar um danshátíðina: <https://www.facebook.com/lindyonice/>

Skráning á námskeiðið berist til: [heilsueflandi@fludir.is](mailto:heilsueflandi@fludir.is) og þá fyrir kl. 22 föstudagskvöldið 7. Febrúar.

